

Tosca

Óperan Tosca eftir Giacomo Puccini í sýningu Þjóðleikhússins 11. október. Hljómsveitarstjóri: Maurizio Barbacini.

Leikstjóri: Paul Ross. Leikmynd og búningar: Gunnar Bjarnason. Lýsing: Kristinn Danielsson.

Í helstu hlutverkum: Flória Tosca: Elísabet F. Eiríksdóttir, Mario Cavaradossi: Kristján Jóhannsson; Scarpia: Malcolm Arnold; Cesare Angelotti: Viðar Gunnarsson; Spoletta: Sigurður Björnsson; Sciarone: Sigurður Bragason; Sacristan djákni: Guðjón Grétar Óskarsson; Fangavörður: Stefán Arngrímsson.



Elísabet F. Eiríksdóttir sem Tosca, en Malcolm Arnold er Scarpia.

Liðnir eru hartnær þrjú áratugir síðan Tosca var hér síðast á sviði og í barnsminni er manni hvernig Stefánó, Guðmundur og Guðrún Á. brilleruðu. Síðan hefur Tosca átt sérstakan sess í hjartanu og ósjálfrátt hefur maður jafnan borið sýningar, jafnvel frægustu óperuhúsa veraldarinnar, saman við þessa sýningu og stundum hefur slegið fölvá á ljóma húsans frægu. Slíkt mat og samanburður byggist á tilfinningu einni saman og þeim áhrifum sem framlag einstakra söngvara og sýningin í heild hefur á mann. Þannig hlýtur einnig að fara um þessa uppfærslu Þjóðleikhússins.

Mikið í lagt og vel til vandað

Strax í upphafi verður þess vart að töluvert er í sýninguna lagt. Hljómurinn úr hljómsveitargreninu (gryfja er einum of tilkomumikið nafn á þessa holi) hefur sjaldan, ef nokkurn tíma, borist jafn þykkur og þéttur upp í salinn. Og svo var það öðlingurinn Barbacini sem hélt á tónsprotanum. Menn vita hvað þeir hafa þar sem hann er – nánast gulltryggingu fyrir korréttum stíl og smekkleghum vinnubrögðum. Á því var engin undantekning að þessu sinni.

Sviðsmyndin kemur kunnuglega fyrir sjónir, enda víst lítið vit í að reyna að færa þessa mjög svo staðbundnu óperu til í rúmi. Byggingarnar hefur hver sem borgina eilífu hefur heimsótt barið augum, þekkir stílinn og kann því að sjálfsgöðu illa ef út af er vikið. Hér er því allt kirfilega og snyrtilega innan hefðbund-

ins ramma. Lýsingin fellur svo eðlilega að sviðsumhverfinu að hennar verður tæpast vart sem sérstaks þáttar. Líkast til er það galdur góðrar lýsingar.

Rétt tímasetning, allt niður í smáatriði

Sýningin er færð til tíma fasismans á Ítalíu, nánar tiltekið ársins 1937, og er leikstjóranum mikið í mun að svo verði í einu og öllu. Búningar, leikmunir, fas og hvað eina er látið vitna um rétt tímabil – allt niður í gaskveikjarann á borðinu hjá Scarpia (eða kannski voru Ítalir svona vel

Tónlist

Eyjólfur Melsted

á undan í tækninni þá). Þann plagið að láta alla einsöngvarana vera reykjandi í tíma og ótíma er mér, fyrirverandi stórreykingamanni, illa við, en hygg að leikstjórnin réttlæti ákvörðun sína með tilvísan til kvikmynda viðkomandi tímabils þar sem menn sögðu vart setningu án þess að fá sér smök áður. Tímátílfærslan, sem á sér á sinn hátt allrika hefð, tekst sem sagt í flestu mjög vel. Sýningin rennur lipurlega og aðeins æðibunutraffikin um kirkjuna í fyrsta þætti fannst mér ekki passa inn í það mynstur sem hæfði.

Kristján frábær Cavaradossi

Kristján Jóhannsson er frábær Cavaradossi. Hlutverkið passar honum eins og klæðskerasaumúð fót. Hvort um nýja stefnu er að ræða hjá Kristjáni veit ég ekki, en aldrei hefur mér fundist hann svo bljúgur, einbeittur en um leið meðvitaður um túlkun hlutverks sem nú. Hér söng hann Cavaradossi – ekki Kristján Jóhannsson sjálfan, á sinn fyrrum goskarlalega hátt – og þykir mér hann ekki hafa risið svo hátt í túlkun óperuhlutverks fyrr. Og þá var líka eins og hann þyrfti nákvæmlega ekkert fyrir hlutverkinu að hafa.

Toscu syngur Elísabet F. Eiríksdóttir og fer mjög vel með. Það dregur þó heldur úr að í fyrsta þætti liggur dramatískt hlutverkið íðulega lágt, en í hæðinni er styrkur Elisabetar mestur. Því nær hún svo rækilega upp í seinni þáttunum.

Illu valið og góðum söngvara lítill greiði gerður

Til að syngja Scarpia var sóttur flauelsmjúkur, lýriskur barýton vestan um haf, Malcolm Arnold. Þryðissöngvari, en hæfir jafnilla í hlutverk Scarpia og Kristján Jóhannsson vel í hlutverk Cavaradossi og er honum lítill greiði gerður með þessari ráðstöfun. Verður honum vonandi bætt fyrir með því að fá hann hingað aftur seinna og þá í viðeigandi hlutverk.

Viðar Gunnarsson gerir flóttafanganum, sem á sinn hátt er valdur að vanda og örlogum Toscu og Cavaradossi, góð skil. Án þess að yfirdrífa í neinu tekst honum að koma angst og órvæntingu, en líka baráttuvilja hins hundelta til skila í söng sínum.

Einn kom á óvart

Á þá kumpána, lögreglufulltrúana Spoletta, Sciarone og svo fanga-vörðinn reynir ekki tiltakanlega mikið að öðru leyti en því að þeir geti látið hæfilegan skammt af illmennsku og hrottaskap birtast í gegnum söng sinn. Það tókst þeim mæta vel, Sigurði Björnssyni, Sigurði Bragasyni og Stefáni Arngrímssyni.

Kórinn skilaði sínum hlut með þryði, að frátöldum æðibunuganginum í kirkjunni í fyrsta þætti, sem skrifast á reikning leikstjórans. Hjarðsönginn í upphafi þriðja þáttar fór Ásdís Kristmundsdóttir mjög vel og smekklega með.

Aðeins einn söngvari í þessari sýningu kom mér á óvart, líkast til vegna þess hve lítið ég hef til hans heyrt til þessa. Guðjón Grétar Óskarsson hreinlega brilleraði í hlutverki djákans Sacristans. Hann er enn í námi en það verður spennandi að fá að fylgjast með því hvað úr þessu mikla efni verður.

„Professional“, en festist tæplega í minningunni

Í heild er þessi uppfærsla Þjóðleikhússins á Toscu mjög svo „professional“, hefðbundin vel og gæti hvað fagleg vinnubrögð snertir sómt sér nánast hvar sem er. Ég get með góðri samvisku borið hana saman við sýningar þekktara óperuhúsa, sem í sumum tilvikum hafa skartað heimsnöfnum. Það er vissulega gaman að verða vitni að góðri fagmennsku, hvar sem er og hvenær sem er, ekki síst á heimaslóð. En ég reikna samt varla með að þessi uppfærsla á Toscu búi sér neinn varanlegan samastað í minningunni. **EM**

Vormenn Íslands

Eyjólfur J. Eyfells var einn af vormönnum íslenskrar málalistar, ekki aðeins vegna vorhuga síns og staðsetningar í tímanum heldur fyrir þá heiðriku og blíðu sem ævinlega ríkir í myndum hans. Sú veðursæld er svo aftur myndgering þess jákvæða hugarfars sem gagntók marga Íslendinga við upphaf aldar-

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

innar og birtist á einna áhrifamestan hátt í málverkum Þórarins B. Þorlákssonar.

Í augum Eyjólfis J. Eyfells var Ísland ætíð fagurt og fritt og sú hlutlæga fegurð skipti hann alla tíð meira máli en aðfengnar hugmyndir um fegurðina, með tilheyrandi stílbrögðum.

Í viðtali sagðist hann hafa velt fyrir sér að gerast bóndi, til að fegra jörðina og bæta, eða listmálari, til

að mála þessa sömu jörð. Og þá kannski bæta hana líka, hver veit?

Listamaðurinn kom sér hægt og sígandi upp haldgóðri tækni til að festa á striga þessa mynd- og lífssýn sína, meðal annars í Dresden (1923-24), höfuðvígi raunsærrar myndlistar í Þýskalandi á þeim tíma.

Á yfirlitssýningu Eyfells að Kjarvalsstöðum eru einmitt manna-myndir (nr. 89-92?), sem sverja sig í ætt við afar hefðbundna þýska list.

Að því búnu hófst listamaðurinn handa og hélt að miklu leyti sama kúrsinum til dauðadags.

Sleiktar og stífar.

Fyrstu árin eru myndir Eyfells sleiktar og fremur stífar í uppbyggingu, sem er til vansa þegar hann túlkar hreyfingu, öldurót eða skýbólstur á hraðferð um himinhvolfin.

Sjálf samsetning þessara mynda breytist einnig lítið í tímans rás, forgrunnur er rofinn af einhverju frumlagi, kannski bóndabæ, hæð eða hrislum, sem síðan leiðir augað áreynslulaust að andlaginu í fjarska, fjallahring eða stöðuvatni.



Eyjólfur J. Eyfells - Horft til Lómagnúps, málverk.

Og alltaf er sama góðviðrið í þessum elskulegu myndum, hvað sem á gengur í tímanum.

En í ellinni er eins og losni um málarahönd listamannsins og birti yfir litum hans. Pensildrættirnir verða smágervir og kvikir, impressjónískir, og túlka ekki bara sjálfa sýnina heldur einnig innilega sjón-

gleði.

Eyfells gerði ekki miklar kröfur til okkar. Því væri fásinna af okkur að gera óraunhæfar kröfur til hans.

List hans er ljúf, lágmælt og hreinskípt, mótvægi við hina hrjúfu, háværu og margræðu landslagshefð, sem mest hefur borið á hérlendis á undanförunum áratugum.

Því verðskuldar Eyfells yfirlitssýningu ekki síður en margir aðrir.

Á hinn bóginn er afleiðlega staðið að þeirri yfirlitssýningu hans, sem nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum. Hún er illa hengd, kynnt og í skrána vantar allar helstu upplýsingar um verkin, svo sem ártöl.